



## ***Annáll stjórnar 2022***

Aðalfundur Garðyrkjufélags Íslands var haldinn óvenju seint árið 2021 eða þann 31. ágúst. Fyrir því voru ýmsar ástæður, heimsfaraldur og fleira en ekki síst sú staðreynd að erfiðlega gekk að finna góðan einstakling til að taka að sér formannsembættið. Á fundinum lét Ómar Valdimarsson af störfum sem formaður félagsins og úr stjórn gengu einnig þau Brynhildur Bergþórsdóttir og Sveinn Þorgrímsson. Eru þeim þökkuð óeigingjörn störf í þágu félagsins.

Stjórn félagsins á síðastliðnu starfsári skipuðu Lárus Sigurður Lárusson formaður, Guðríður Helgadóttir varaformaður, Eggert Aðalsteinsson, Þóra Þórðardóttir og Konráð Lúðvíksson. Í varastjórn sátu Gísli Tryggvason, Kristján Friðbertsson og Sigurbjörn Einarsson. Í marsmánuði sagði Lárus af sér og tók varaformaður tímabundið við formannsembættinu fram að aðalfundi.

Stjórnin hefur fundað einu sinni til tvisvar í mánuði á tímabilinu og hafa fundir ýmist verið í Síðumúlanum eða á rafrænum vettvangi.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi félagsins síðastliðið ár en Elín Helga Rink Gunnarsdóttir, sem ráðin var í hálf tölubúgildi sem skrifstofustjóri lét af störfum nú um miðjan október. Frá þeim tíma hefur enginn starfsmaður verið hjá félaginu en Elín hefur verið félaginu innanhandar með fjármál, Gerður Eðvarsdóttir garðyrkjufræðingur hefur séð um að svara tölvupósti félagsins og Þuríður Kolbeins garðyrkjufræðingur hefur verið með símsvörun hjá félaginu á miðvikudögum kl. 13-15.

Salarleigan hefur skilað þó nokkrum tekjum í eðlilegu árferði en heimsfaraldurinn hefur sett veruleg strök í tekjureikninginn undanfarin tvö ár. Leiga á salnum hefur hægt og rólega færst í aukana og er það ekki síst að þakka umsjónarkonu salarins, Agnesi Kareni Ástþórsdóttur og fær hún bestu þakkir fyrir frá félaginu. Þó er ljóst að fara þarf í töluverðar umbætur á sal félagsins og tryggja rekstrarleyfi hans, ef ætlunin er að halda áfram með salarleigu. Er það eitt

af þeim verkefnum sem bíður nýrrar stjórnar að skoða húsnæðismál félagsins og gera tillögu til framtíðar um þau mál.

Heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á starf félagsins síðastliðin tvö ár en vonandi sjáum við nú til lands í þeim efnum. Síðastliðinn vetur var megináherslan lögð á rafræna viðburði en þó tókst að halda einstaka viðburði í raunheimum. Einnig var tekin sú stefna að hafa suma fundi með blandaðri aðferð þar sem fundur í húsnæði félagsins í Síðumúla var einnig í boði á zoom hlekk. Nokkrir fundir voru haldnir með þeim hætti, meðal annars fundir rósaklúbbsins.

Sumarferð félagsins var farin þann 26. júlí 2022 og nú var farið um Suðurland undir leiðsögn Guðríðar Helgadóttur. Margverðlaunaður garður Péturs Reynissonar í Hveragerði var fyrsta heimsókn dagsins, þaðan var haldið í stutt kaffistopp í Garðyrkjuskólann og svo lá leiðin í Grænuhlíð á Skeiðum til Guðbjargar og Víkings en þau hafa ræktað þar stóran og myndarlegan garð frá grunni. Eftir ljúffengan hádegisverð í Árnesi fór hópurinn í Ásaskóla til Katrínar Sigurðardóttur og Stefáns Árnasonar en garðurinn þeirra er sannkallaður lystigarður. Síðasta heimsókn dagsins var svo í Gróðrarstöðina Storð í Laugarási en stöðin er nýlega flutt þangað úr Kópavoginum.

Frænefndin hefur staðið sig sérlega vel í miðlun fræs og er óhætt að segja að með opnun fræbankans á vef félagsins hafi fræmiðlun náð áður óþekktum hæðum innan félagsins. Félagið þakkar frænefndinni og öllum þeim sem hafa undirbúið og annast frævef félagsins.

Garðyrkjufélagið hefur umsjón með tveimur grenndargörðum, við Stekkjarbakka og í Gorvík. Garðarnir við Stekkjarbakka hafa verið nánast fullnýttir undanfarin ár og í Gorvík er staðan álíka og undanfarin ár.

Félagið hefur haft dálitlar tekjur af innflutningi og sölu á vegum helstu klúbba félagsins, svo sem Rósaklúbbsins og Matjurtaklúbbsins Hvanna en sala á lauk og hvítlauk hefur jafnt og þétt aukist undanfarið.

Af klúbbum er það helst að fréttu að rósaklúbburinn er mjög virkur og töluverð virkni hefur verið í matjurtaklúbbinum, ekki hvað síst í kringum hvítlauksverkefnið. Landshlutadeildir félagsins eru misjafnlega virkar, deildirnar á Reykjanesi, í Skagafirði, Eyjafirði, á Tröllaskaga og á Akranesi lifa ágætu lífi en víða annars staðar er sprettan hægari.

Garðyrkjuritið kom út um páskaleytið undir dyggri ritstjórn Bjarkar Þorleifsdóttur. Bestu þakkir til hennar og annarra í ritstjórn.

Stjórn GÍ stóð fyrir opnum fundi þann 7. september þar sem rætt var um stöðu og framtíð félagsins. Fundurinn var vel sóttur og munu niðurstöður hans nýtast nýrri stjórn vel við þau verkefni sem framundan eru.

Stjórn félagsins þakkar félagsmönnum, fyrrverandi og núverandi fulltrúum í stjórn félagsins, klúbbum og deildum og starfsmanni félagsins kærlega fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Lárusi Sigurði Lárussyni fyrrverandi formanni þökkum við fyrir stutt en ánægjuleg kynni og óskum honum velfarnaðar í sínum verkefnum.

*Guðríður Helgadóttir, starfandi formaður*